

Mál nr. 54/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda

Maður slasaðist þegar hann var að vinna við færiband þ.3.8.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 7.3.2011

Málsatvik.

M vann við að taka fiskipakka af færibandi og setja í farangurslest flugvélar. Tækinu var lagt við við farangurslest flugvélarinnar að aftanverðu og framhlið á færibandinu lyft upp í farangurslestina. Undir færibandinu á þeim enda sem lá inn í farangurslestina er mótör og þar til gert snúningshjól sem snýst með færibandinu. M var að reyna að ná í fiskipakka sem féll af færibandinu en flæktist með hægri hendi undir sjálft færibandið og inn á milli snúningshjólsins og klemmdist á hendinni. M hafði starfað í 3 mánuði hjá fyrirtækinu þegar hann slasaðist. M krefst bóta vegna slyssins og telur að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða á vinnustaðnum auk þess sem verkstjóri hafi vanrækt skyldur sínar. Þá er á það bent, að M er ungur og hafði takmarkaða starfsreynslu á slysdegi. Af háflu M er því haldið fram að fyrirkomulag á vinnustað hafi ekki samræmst reglum laga nr.46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og jafnframt er af háflu M vísað í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja og nr. 492/1987 um öryggisbúnað vela. V hafnar bótaskyldu og málsástæðum lögmanns M og bendir á að samkvæmt skýrslu Vinnueftirlits ríkisins sé ástæða slyssins að M fór með hendina á sjálft klemmusvæðið meðan færibandið var í gangi. Þá segir V að verkið sem M vann hafi verið einfalt og vísar í dóm Hæstaréttar í málinu 53/2002.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að telja megi að orsök slyssins sé að M hafi farið með hægri hönd sína inn á sjálft klemmusvæðið þegar færibandið var í gangi. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins eða öðrum gögnum málsins kemur ekkert fram sem styður þá fullyrðingu M að um saknæman aðbúnað hafi verið að ræða á vinnustað eða slys M megi rekja til atvika eða atriða sem vinnuveitandi M ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V.

Reykjavík 21.3.. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.